

Ráðstefna Kennsluakademiunnar 26. maí 2023

Ágrip að málstofu

*Ingileif Ástvaldsdóttir*, aðjúnkt og doktorsnemi við Menntavísindasviði HÍ

## *Uppskeran* - netmálstofur nemenda

Í erindinu verður kynnt skipulag netmálstofu nemenda sem nýtt hefur verið í námskeiðinu [Próunarstarf í menntastofnunum](#) við Menntavísindasvið HÍ frá haustmisseri 2020. Netmálstofurnar ganga undir heitinu *Uppskeran* vegna þess að þær eru hluti af lokaverkefni námskeiðsins. Tilgangur málstofanna er að styrkja námssamfélag nemenda og að þjálfa þau í að deila eigin þekkingu og reynslu til samstarfsfólks. Miðað er við að *Uppskeran* sé gagnvirk og hagnýt samkoma á netinu ásamt því að vera ánægjuleg samvera og skemmtileg tilbreyting við lok námskeiðsins.

### Hvert var vandamálið?

Á tímum samkomutakmarkana vegna Covid-19 á haustmisseri 2020 stóðu kennarar námskeiðsins frammi fyrir því að færa málstofur nemenda úr húsnæði Menntavísindasviðs í Stakkahlíðinni yfir á netið. Upphaflega hafði hugmyndin verið að málstofurnar yrðu haldnar í að minnsta kosti þremur kennslustofum og að nemendur myndu velja sér kynningar til að hlusta á og í þeim tilgangi að flakka á milli kennslustofa. Ljóst var að fjöldi erinda á *Uppskerunni* gæti orðið á milli 30 til 40. Það var því áskorun að skipuleggja hana á þann veg að dagskrá hennar væri í fyrsta lagi ekki flókin og í öðru lagi að rafrænu verkfærin væru aðgengileg og einföld fyrir alla þátttakendur. Einnig þurfti að hafa gagnvirkni rafrænu verkfæranna í huga og að eftirvinnsla kennara á miðlun efnisins á málstofunum yrði lítil sem engin eftir að þeim lauk.

Námskeiðið *Próunarstarf í menntastofnunum* er námskeið á meistarastigi og er kennt í fjarnámi með staðlotum í ágúst og október ásamt umræðutímum á neti á þriggja vikna fresti. Nemendur koma alls staðar að af landinu og eru flestir í vinnu með námi. Að bæta mætingu í þriðju staðlotuna við lok misseris gæti við íþyngjandi fyrir hluta hópsins. Í ljósi þess og að um fjarnám er að ræða var *Uppskeran* ekki flutt af netinu og í Stakkahlíðina.

### Hver var möguleg lausn?

Við skipulag *Uppskerunnar* var ákveðið að kynna ekki til leiks ný rafræn verkfæri heldur að nýta þau sem áður höfðu verið notuð á námskeiðinu. Þess vegna voru aðeins notuð Zoom og Padlet ásamt því að nota Google Forms til að meta

viðburðinn í lok hans. Til að nemendur gætu haft aðgang að öllu efni *Uppskerunnar* á einum hlekk var búin til einföld [vefsíða](#) sem hélt utan um upplýsingar um viðburðinn eins og tímasetningar, Zoom-slóðir inn á kennslustofurnar og lýsingar nemenda á innihaldi málstofanna.

Til að gera *Uppskeruna* að ánægjulegri samveru hljómaði aðventulag í tölvum nemenda þegar þau mættu í aðalrými *Uppskerunnar* á Zoom og á meðan á henni stóð var opin “kaffistofa” á Zoom þar sem nemendur gátu hist og spjallað óformlega um námskeiðið í heild eða átt almennt kaffistofupjall. Á *Uppskerunni* gátu nemendur fyllt út [virkni-bingó](#). Virkni-bingóið hafði einnig þann tilgang að virkja rafræn samskipti nemenda á meðan á *Uppskerunni* stóð. Í lok hennar var heildarvirkni hópsins mæld.

## Hver var útkoman?

Fyrsta *Uppskeran* sem haldin var við lok haustmíssis 2020 gekk vonum framár. Við lok hennar mátu nemendur framkvæmd hennar, lærdóminn af henni og hagnýtingu. Helstu niðurstöður úr því mati voru að nemendur kunnu vel að meta að upplýsingarnar um *Uppskeruna* voru allar aðgengilegar á einum stað/hlekk. Örfáir nefndu að þau hefðu lent í smávægilegum tæknilegum vandræðum daginn sem *Uppskeran* fór fram. Nemendur sögðu jafnframt að á *Uppskerunni* hefðu þau fengið innsýn í þróunarverkefni sem þau gætu mögulega nýtt í eigin starfi. Þau vildu helst breyta fyrirkomulaginu þannig að þau hefðu tök á því að hlusta á fleiri málstofur.

Vegna jákvæðrar reynslu bæði nemenda og kennara af því að flytja *Uppskeruna* á netið á tímum samkomutakmarkana hafa þær ekki verið fluttar til baka í kennsluhúsnæði Menntavísindasviðs í Stakkahlíðinni. Skipulagi hennar hefur örlítið verið breytt og þá helst í takti við breytingar á rafrænu verkfærunum sem eru nýtt við framkvæmdina.

Það er mat mitt eftir þessa reynslu að án mikillar fyrirhafnar og margra flókinna rafrænna verkfæra er hægt að gera netkennslu fjölbreytta og lærdómsríka samhliða því að hún er einföld, gagnvirk og skemmtileg.